

2. gr.

93

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fellur um leið úr gildi 1. gr. laga nr. 25 12. febrúar 1945, um breyting á lögum nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð.

Gjört i Reykjavík, 15. desember 1952.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

94

um breyting á lögum nr. 37/1944, um laun forseta Íslands.

15. des.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. gr. Í stað „50 000.00 kr.“ komi: 85 000.00 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört i Reykjavík, 15. desember 1952.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

L Ö G

95

um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur.

17. des.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 42. tölulið B-liðar 2. gr. laganna komi nýr töluliður: Kópavogur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört i Reykjavík, 17. desember 1952.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.